

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

1. gr.

Við II. lið 11. gr. bætist nýr undirliður svo hljóðandi:

d. Plógræsi kr. 0.20 pr. m

2. gr.

VII. liður laganna orðist svo:

Heyhlöður:

- a. Þurrheyshlöður steypar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu kr. 1.00 pr. m³
- b. Þurrheyshlöður á steiptum grunnni úr timbri, asbesti, járnri eða öðru jafngildu efni — 0.75 — —
- c. Votheyshlöður, steypar með þaki úr varanlegu efni — 5.50 — —
- d. Garðávaxtageymslur, steypar, með þaki úr varanlegu efni .. — 5.50 — —
- e. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfhlöt — 12.00 — m²
- f. Súgþurrkunarkerfi með fasttengdum blásara — 18.00 — —

3. gr.

2. mgr. ákvæða til bráðabirgða sbr. 6. gr. laga nr. 29/1955, 2. gr. laga nr. 23/1960 og 2. gr. laga nr. 10/1963 orðist svo:

Til ársloka 1972 skulu þau býli er hafa minna en 25 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) og 3 kr. á hvern m³ í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvorttveggja að viðbætti verðlagsuppbót.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra framkvæmda, er gerðar voru á árinu 1963.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1962 var að tilhlutan vélanefndar ríkisins keyptur hingað til lands lokræsplógur af finnskri gerð. Teikningar og fyrirsagnir um gerð plógsins hafði prófessor Pentti Kaitera gert með tilliti til framræsluáðstöðu í heimalandi sínu, en hann þekkti einnig þörfina hérlendis fyrir hagkvæma og ódýra lokræsa-gerð og hefur leyft, að eftir honum verði smíðaðir plógar til notkunar hér undir umsjá Vélasjóðs.

Plógur þessi var reyndur strax, eftir að hann kom hingað til lands haustið 1962, og með honum voru grafnir sumarið 1963 945 000 lengdarmetrar af lokræsum, og er þar með fengin sú reynsla, að verkfæri þetta geti haft almenna þýðingu fyrir fullnaðarþurrkun á landi til tún- og beitiræktar. Í ráði er, að Vélasjóður smíði hér heima annað tæki af þessari gerð.

Að fenginni þessari reynslu þykir ástæða til, að lokræsi af þessari gerð njóti framlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Með grunnframlagi því, sem hér er gert ráð fyrir, kr. 0.20 pr. m, þá verður framlagsgreiðsla samkv. jarðræktarlögum kr. 1.22 pr. lengdarmetra, en áætlað kostnaðarverð ræsa er um kr. 1.70 pr. m.

Samkvæmt afköstum, er náðust sumarið 1963, má áætla, að eftir frumvarpi þessu nemi framlagsfjárhæðir allt að 1.15 milljónum króna á framkvæmdir, sem unnar yrðu með einni vélasamstæðu sumarlangt, og líkur eru til, að sú framræsla tæki til 1000 hektara lands.

Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós, hve mikið öryggi það er fyrir góða heyverkun, að bændur geti komið upp súgþurrkun með heitum eða köldum blæstri og þykir rétt að framlag til súgþurrkunarkerfa hækki úr kr. 5.00 í kr. 12.00 pr. m². Þar sem reynslan sýnir, að súgþurrkun er ófullnægjandi, án þess að heitu eða köldu lofti sé blásið í heyið, þykir ástæða til að taka tillit til verðs blásaranna, og er hér lagt til, að framlagið sé kr. 18.00 pr. m² á gólfhlöt í hlöðum, þar sem við kerfið er fasttengdur blásari.

Í 2. gr. frumvarpsins eru undirliðir a—d í VII. lið 11. greinar óbreyttir. Framlag til súgþurrkunarkerfa er samkvæmt e-lið hækkað úr kr. 5.00 pr. m² í kr. 12.00 pr. m². F-liður er nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að súgþurrkunarkerfi með fasttengdum blásara verði styrkt með kr. 18.00 pr. m².

Sé miðað við þau súgþurrkunarkerfi, er sett voru upp á árunum 1960—1962, má áætla hækkun á framlögum ríkissjóðs vegna staflíðanna e og f, kr. 850 000 til kr. 1 600 000.